

## Fundargerð hluthafafundar Haga hf. haldinn hinn 30. ágúst 2024

Hluthafafundur Haga hf., kt. 670203-2120, var haldinn föstudaginn 30. ágúst 2024, kl. 10:00, á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík.

Eiríkur S. Jóhannsson, formaður stjórnar Haga hf., bauð fundarmenn velkomna í upphafi fundarins og lagði til að Þórður Bogason, hæstaréttarlögmaður, yrði kjörinn fundarstjóri. Var það samþykkt.

Áður en gengið var til dagskrár lagði fundarstjóri til að Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Haga, yrði kjörin fundarritari. Var það samþykkt. Þá gerði fundarstjóri grein fyrir boðun fundarins, fundargögnum og fyrirkomulagi fundarstarfa. Fundarboð birtist opinberlega á vef Kauphallarinnar föstudaginn 9. ágúst sl. og var fundurinn einnig auglýstur í Viðskiptablaði Morgunblaðsins og Viðskiptablaðinu miðvikudaginn 14. ágúst sl. Á fundinn voru mættir 35 hluthafar af 916 hluthöfum í félaginu eða fyrir 84,59% hlutafjár. Lýsti fundarstjóri því yfir að fundurinn væri boðaður á lögmætan hátt og bær til að taka ákvarðanir í samræmi við auglýsta dagskrá. Hreyfði enginn andmælum. Að svo búnu var gengið til dagskrár án athugasemda.

### **1. Tillaga stjórnar um kaupréttarkerfi.**

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að stjórn Haga hf. hafi lagt fram við hluthafafund útfærslu á kaupréttarkerfi. Fundarstjóri benti á að útfærsla á kaupréttarkerfinu lægi fyrir í sérstakri tillögu ásamt greinargerð stjórnar. Þá upplýsti fundarstjóri að þann 27. ágúst sl. hafi borist breytingartillaga frá Gildi lífeyrissjóði um kaupréttarkerfið, sem birt var í Kauphöll sama dag. Í gær, þann 29. ágúst 2024, lagði stjórn félagsins fram breytingartillögu við breytingartillögu Gildis lífeyrissjóðs, sem birt var í Kauphöll sama dag. Fundarstjóri reifaði helstu atriði tillögu stjórnar auk þeirra breytinga sem lagðar voru fram í breytingartillögu Gildis-lífeyrissjóðs og svo breytingartillögu stjórnar Haga hf. á breytingartillögu Gildis-lífeyrissjóðs. Að því loknu var mælendaskrá opnuð.

Eiríkur S. Jóhannsson, formaður stjórnar, tók fyrst til máls og kynnti tillögu stjórnar að kaupréttarkerfi auk breytingartillögu stjórnar við breytingartillögu Gildis-lífeyrissjóðs. Fundarstjóri bauð Davíð Rúdólfssyni, framkvæmdastjóra Gildis, að taka til máls og kynnti Davíð breytingartillögu lífeyrissjóðsins. Davíð vísaði frekari fyrirspurn til stjórnar félagsins og óskaði að fært yrði til bókar að Gildi-lífeyrissjóður styðji ekki breytingartillögu stjórnar við breytingartillögu Gildis. Auk þess óskaði Gildi-lífeyrissjóður eftir að afstaða hluthafans yrði bókuð í fundargerð og er bókunin meðfylgjandi fundargerð þessari. Eiríkur tók aftur til máls og svaraði fyrirspurn Davíðs. Fundarstjóri opnaði því næst mælendaskrá. Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, tók til máls. Enginn annar tók til máls og var mælendaskrá lokað.

Því næst var gengið til atkvæðagreiðslu. Fyrsta var gengið til atkvæða um breytingartillögu stjórnar Haga hf. á breytingartillögu Gildis-lífeyrissjóðs. Tillagan var samþykkt með 58,8% atkvæða en 41,2% atkvæða greiddi á móti tillögunni. Því næst var breytingartillaga Gildis lífeyrissjóðs við tillögu stjórnar, svo breytt, borin undir atkvæði. Fundarstjóri freistaði þess að leita atkvæða með handauppréttingu. Tillagan var samþykkt samhljóða. Að lokum var tillaga stjórnar um kaupréttarkerfi, svo breytt, borin undir atkvæði og var hún einnig samþykkt samhljóða. Gildi-lífeyrissjóður og Stefnir hf. óskuðu þess að fært yrði til bókar að þessir hluthafar sátu hjá við síðari tvær atkvæðagreiðslurnar.

## **2. Umræður og önnur málefni.**

Engar frekari tillögur bárust frá hluthöfum og því ekki önnur mál á dagskrá.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að taka til máls undir þessum lið. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri óskaði eftir umboði hluthafafundar til fundarritara og fundarstjóra að ganga frá og undirrita fundargerð. Heimild var veitt. Fundi var slitið kl. 11:00.

Fundargerð þessi er undirrituð með rafrænum hætti í samræmi við lög nr. 55/2019, um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

---

Þórður Bogason, fundarstjóri

---

Guðrún Eva Gunnarsdóttir, fundarritari

## Bókun Gildis-lífeyrissjóðs

### Hluthafafundur Haga hf. – 30. ágúst 2024

Ágætu hluthafar og aðrir fundargestir.

Ég heiti Davíð Rúdólfsson og tala hér fyrir hönd Gildis-lífeyrissjóðs. Aftur höfum við nú lagt fram breytingartillögu á fyrirliggjandi tillögu stjórnar um upptöku á nýju kaupréttarkerfi.

Eins og fyrirliggjandi breytingartillaga ber með sér höfum við enn athugasemd við umfang og útfærslu nýs kaupréttarkerfis félagsins.

Athugasemdir okkar - og tillögur um breytingar á tillögu stjórnarinnar - eru í þremur liðum:

- Í fyrsta lagi erum við að leggja til að hámarks úthlutun kaupréttanna til forstjóra og annarra stjórnenda verði 0,15% af hlutfé félagsins, vegna hins nýja kaupréttarkerfis. Til að setja það í samhengi þá samsvarar það um 135 m.kr. virði á undirliggjandi hlutabréfa að baki kaupréttinum að hámarki. Það finnst okkur nokkuð riflegt, m.a. í samanburði við aðra aðila á markaði, og er af þeim sökum leggjum við fram þessa tillögu um breytingu í stað tillögu stjórnar um 0,2% hámarksamkvæmt tillögu stjórnar. Það er rétt að vekja athygli hluthafa á því að 0,2% samsvarar um 180 m.kr. virði á undirliggjandi hlutabréfum vegna hins nýja kaupréttarkerfis. Eins má rifja það upp hér á þessum fundi að upphafleg tillaga stjórnar á aðalfundi í maí síðastliðnum gerði ráð fyrir að umfang gagnvart forstjóra yrði 0,4% eða sem svarar til 350 m.kr. undirliggjandi virði hlutabréfa að baki kaupréttinum.
- Önnur breyting sem við erum hér að leggja til gengur út á að nýtingarverð kaupréttanna verði leiðrétt með hóflegri 7,5% árlegum vöxtum sem reiknast yfir allt tímabilið frá úthlutunardegi fram að nýtingardegi kaupréttar. Sú breytingartillaga er lögð fram í stað fyrirliggjandi tillögu stjórnarinnar um að verð kaupréttanna verði leiðrétt með 5,5% á ársgrunni – og rétt að að vekja sérstaklega athygli á því að tillaga stjórnar miðast við það að sú leiðrétting nái einungis fram að fyrsta nýtingardegi kaupréttar en enga leiðréttingu eftir það fram að nýtingardegi. Þannig felur tillaga stjórnar í raun í sér lægri leiðréttingu á nýtingargenginu heldur en sem nemur 5,5% þegar horft er yfir allt nýtingartímabilið. Líkt og fram kemur í greinargerð þá teljum við það ekki tvinna nægilega vel saman hagsmuni hluthafa við hagsmuni stjórnenda/kaupréttarhafa, enda gera hluthafar félagsins og aðrir fjárfestar hærri ávöxtunarkröfu á fjárfestingu sína í félaginu. Ef út í það er farið notast þeir væntanlega við mun hærri ávöxtunarkröfu heldur en þau 7,5% sem við erum hér að leggja til í okkar breytingartillögu.
- Þriðja og síðasta breytingin sem við erum að leggja hér til er upphaflegt nýtingarverð hvers hlutar samkvæmt kaupréttarsamningi hverju sinni skuli ekki vera lægra en vegið meðalverð í viðskiptum með hlutabréf félagsins tuttugu (20) heila viðskiptadaga fyrir gerð hvers kaupréttarsamnings.
- Að endingu vill sjóðurinn, líkt og fram kemur í tillögunni, koma á framfæri þeim sjónarmiðum að stjórn Haga gæti að því við úthlutun kaupréttanna að þeir leiði ekki til hreinna hækkana á kjörum heldur sé rétt að endurskoða aðra þætti starfskjara á móti

til lækkunar (eða minni hækkana) samhliða því að úthlutun kaupréttanna fari fram. Byggir það á því sjónarmiði að ef félög ákveða að notast við árangurstengd launakerfi til viðbótar við föst launakjör sé rétt að föst laun verði að sama skapi lægri samanborið við launakjör hjá félögum þar sem slík árangurstengd kerfi eru ekki til staðar, enda sé ekki eðlilegt að um hreina viðbót sé að ræða.

Ég vil hérna í lokin beina einni spurningu til stjórnarinnar varðandi nálgun þeirra í fyrirliggjandi tillögugerð til fundarins, einnig í fyrirliggjandi breytingartillögu stjórnarinnar á tillögu Gildis.

- Hvers vegna telur stjórnin rétt að umbuna stjórnendum félagsins á grundvelli kaupréttarkerfis ef ávöxtun nær að skríða yfir 5,5% - hafandi m.a. í huga að ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa, þ.e. RB28, stendur í 7,47% um þessar mundir og hluthafar hafa væntanlega væntingar til þess að fjárfesting í félaginu skili einhverju umfram áhættulausa vexti?

# Undirritunarsíða

Fundarritari  
Guðrún Eva Gunnarsdóttir

Fundarstjóri  
Þórður Bogason